

Nd.

71. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

- Við 7. gr. 1. mgr. Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.
- 7. gr. 2. mgr. Orðin „nema hálfan“ falli niður.
- 89. gr. Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ komi: lög nr. 27, 7. maí 1927.

Greinargerð.

Í 1. kafla laga um búfjárrækt, nr. 32 frá 1931, vantar ákvæði, er heimili lögtak á niðurfjöfnum kostnaði vegna starfsemi nautgriparæktarfélaganna. Vegna innheimtu þess kostnaðar virðist óhjákvæmilegt að taka ákvæði um lögtaksheimild upp í lögin, enda er slík heimild í lögum um nautgriparækt frá 1927, en upp úr þeim lögum er 1. kafli búfjárræktarlaganna saminn.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. búfjárræktarlaganna skal greiða hálfan nautstoll, ef kýr festir eigi fang. Flytjist kýr milli hreppa, getur svo farið, að greiða þurfi gjald þetta tvisvar eða oftár án þess að kýrin festi fang. Virðist slíkt ósamgjarnt og veldur eðlilegri óánægju þeirra, er gjaldið eiga að inna af höndum, enda oft ærinn skaði eigandans, þó slík gjöld bætist eigi á hann. Þykir því rétt að leggja til, að gjald þetta verði fellt niður, og er þó skemmra gengið en í lögum um nautgriparækt frá 1927, er aðeins gera ráð fyrir kálfstollum, þ. e. tilteknu gjaldi fyrir hvern borinn kálf.

Loks er lagt til, að lög um nautgriparækt, nr. 27 frá 1927, verði felld úr gildi, enda eru þau með öllu óþörf, ef 1. gr. frumv. þessa nær að verða að lögum.